

**2297. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 24. ágúst 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.**

---

**Mættir stjórnarmenn:** Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Orri V. Hlöðversson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

**Mættur framkvæmdastjóri:** Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

**Fundargögn:**

- Tillaga mannvirkjanefndar um úthlutanir úr mannvirkjasjóði 2023
  - Bréf ÍSÍ vegna samþykka ársþings KSÍ
  - Áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ
  - Minnisblað um norrænt rannsóknarstarf um íþróttir
  - Minnisblað varðandi grasrótarheimsókn UEFA
- 

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt
  - a. Fundargerð 2297
  - b. Samþykkt stjórnar á milli funda á úthlutun úr mannvirkjasjóði
2. Fundargerðir nefnda og fréttir frá ÍTF
  - a. Orri V Hlöðversson flutti fréttir af vettvangi ÍTF og ræddi m.a. um vinnu við stefnumótun ÍTF.
  - b. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar
    - ✓ Mótanefnd 25. júlí 2023
    - ✓ Dómaranefnd 10. ágúst 2023
    - ✓ Fjárhags- og endurskoðunarnefnd 23. ágúst 2023

Jörundur Áki Sveinsson sviðsstjóri knattspyrnusviðs tók sæti á fundinum.

3. Landsliðsmál
  - a. Jörundur Áki Sveinsson sviðsstjóri knattspyrnusviðs fór yfir úrslitakeppnir U19 karla og kvenna. Almenn ánægja var með framgang íslensku liðanna og þakkaði stjórn leikmönnum og starfsmönnum liðanna og félögum leikmanna fyrir þeirra góðu störf. Þá var rætt sérstaklega um þá stuðningsmenn sem lögð land undir fót til að styðja við liðin og var þeim þakkað sérstaklega. Í framhaldinu fór Jörundur yfir komandi landsliðsverkefni.
  - b. Rætt var um framkomna kæru á hendur leikmanni A landsliðs karla. KSÍ hefur kappkostað við að fylgja viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsmála og ráðleggingum embættisins.

Jörundur Áki Sveinsson sviðsstjóri knattspyrnusviðs vék af fundi kl. 17:00.

4. Mótamál
  - a. Mótamál
    - ✓ Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir mótamál og m.a. var rætt um ákvarðanir varðandi breytingar á leikjum vegna þátttöku liða í Evrópukeppnum og þeim álitamálum sem upp hafa komið í tengslum við leikdaga.

- ✓ Stjórn ræddi um Evrópukeppnir félagsliða og fagnaði þeim árangri sem þar hefur náðst. Rætt um mögulega leikdaga Breiðabliks í riðlakeppni Sambandsdeildar á Laugardalsvelli sem skarast í tveimur tilfellum á við heimaleiki A landsliðs kvenna í Þjóðadeildinni.
  - ✓ Rætt um bikarúrslitaleiki kvenna og karla og þær öryggisráðstafanir sem eru fyrirhugaðar fyrir karlaleikinn.
  - ✓ Rætt um komandi verðlaunaafhendingar.
  - ✓ Stjórn samþykkti að óska eftir því við laga- og leikreglnanefnd og mótanefnd að undirbúa tillögu um félagaskiptaglugga fyrir árið 2024. Tillaga skuli liggja fyrir eigi síðar en í október mánuði skv. reglugerð.
- b. Dómaramál
- ✓ Stjórn ræddi um hegðun stuðningsmanna og viðurlög. Einnig var rætt um norræn dómarskipti, en í fyrsta sinn eru íslenskar konur að taka þátt í dómarskiptum. Fjölgun kvenna í dómgæslu gefur góð fyrirheit. Þá var stjórn KSI upplýst um tilraunaverkefni sem felur í sér að hafa tvo eftirlitsmenn á bikarúrslitaleikjum, annar sem fylgist með frammistöðu dómara og hinn sem fylgist með skipulagi leiksins. Þetta er gert skv. fyrirmynd frá UEFA.
5. Lög og reglugerðir
- a. Lagt fram bréf frá ÍSÍ vegna breytinga sem samþykktar voru á lögum KSÍ á ársþingi. Stjórn samþykkti að óska eftir því við LLR að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar á þann veg að sömu hæfisskilyrði gildi fyrir allt stjórnarfolk.
  - b. Stjórn KSÍ var upplýst um að Morten Beck Guldsmed hefur áfrýjað niðurstöðu áfrýjunardómstóls KSÍ til áfrýjunardómstóls ÍSÍ.
6. Verkefni milli funda
- a. Rætt um ástand Laugardalsvallar og viðhaldsverkefni, m.a. að loka hefur þurft klefa 6 tímabundið vegna rakavandamála. Ástandið er grafalvarlegt og óvíst er hversu lengi verður hægt að leika á vellinum í opinberum keppnisleikjum. Framundan er fundur með UEFA þar sem farið verður yfir stöðuna. Þá er einnig framundan fundur með Reykjavíkurborg um helstu viðhaldsverkefni sem þola ekki bið. Fulltrúar KSÍ á þeim fundi verða Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri, Kristinn V. Jóhannsson vallarstjóri Laugardalsvallar og Óskar Örn Guðbrandsson verkefnastjóri KSÍ í landsleikjum á Laugardalsvelli.
  - b. Stjórn KSÍ ræddi um mannvirkjamál, næstu skref varðandi innfylliefni á gervigrasvöllum og framtíð mannvirkjasjóðs. Frekari umræðu frestað fram yfir kynningarfund UEFA um innfylliefni.
  - c. Rætt um umsóknir um styrki í sérverkefni (framhald fyrri umræðu). Sótt var um styrki í UEFA Foundation for Children með UMFÍ, vegna verkefna tengdum börnum af erlendum uppruna og jákvæðum leiðtogum. Ytri styrkveiting er forsenda þess að þessi verkefni komi til framkvæmda.
7. Fjármál
- a. Borghildur Sigurðardóttir formaður fjárhags- og efnahagsnefndar og Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri kynntu sex mánaða uppgjör og spá um niðurstöðu ársins, þar sem gert er ráð fyrir tapi á rekstri. Í lokaspá er gert ráð fyrir að tekjur ársins verði nánast á áætlun en kostnaður verði yfir áætlun, meðal annars vegna úrslitakeppna U19 karla og kvenna, þjálfaraskipta hjá A landsliði karla og kostnaðar við þrif. Það eru mikil vonbrigði að ekki hafi fengist styrkur úr afrekssjóði ÍSÍ vegna lokakeppna U19 ára landsliða.
8. Önnur mál
- a. Stjórn samþykkti að taka þátt í norrænu samstarfi um íþróttarannsóknir.



- b. Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri kynnti úttekt UEFA á grasrótastarfi KSÍ, þar sem KSÍ var í flestum tilfellum að uppfylla kröfur UEFA. Skv. kröfum UEFA sem taka gildi árið 2024 þarf sérstakan starfsmann í fullu starfi í grasrótarmálum til að halda fullu framlagi frá UEFA í málaflokkinn.

**Næstu stjórnarfundir:**

- 11. september kl. 15:00
- 11. október kl. 16:00
- 31. október kl. 16:00, stór fundur (stjórn, varamenn og fulltrúar landshluta)
- 25. nóvember, formanna- og framkvæmdastjórafundur
- 29. nóvember kl. 16:00
- 7. desember, stór fundur (stjórn, varamenn og fulltrúar landshluta)

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 18:40.